



Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2025
Þriggja ára áætlun 2026-2028
Greinargerð



GARÐABÆR

Efnisyfirlit

**Helstu atriði
áætlunar**

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARDABÆR





Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Grunnrekstur styrkist umtalsvert í krefjandi rekstrarumhverfi

Útkomuspá fyrir árið 2024 sýnir að áherslur um sterkari grunnrekstur hafa gengið eftir. Fjárhagsáætlunin fyrir 2025 er unnin á þeim grunni. Markmið hennar eru að halda álögum lágum, tryggja áframhaldandi lífsgæði íbúa og efla framúrskarandi þjónustu sveitarfélagsins.

Lykiltölur fjárhagsáætlunar:

- Rekstrarniðurstaða A sjóðs er jákvæð um 359 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða A og B sjóðs er jákvæð um 712 m.kr.
- Veltufé frá rekstri nemur um 2.949 m.kr. og 9,1% af heildartekjum bæjarins
- Skuldahlutfall A sjóðs lækkar í 119%
- Skuldaviðmið samstæðu áætlað 103.9%





Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Tölurnar í hnotskurn

Fjárhagsáætlun 2025

- Grunnrekstur og fjárhagsstaða styrkist enn frekar þrátt fyrir óvissu í efnahagsmálum, háa vexti og verðbólgu
- Álagningarhlutfall útsvars verður óbreytt í 14,71%, hið lægsta meðal stærri sveitarfélaga
- Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækkar í 0,161%, hið lægsta meðal stærri sveitarfélaga
- Mikilvægar nýframkvæmdir og endurbætur munu áfram njóta forgangs
- Veltufé frá rekstri er sterkt bæði í A sjóði og samstæðu
- Skuldahlutfall hóflegt og skuldaviðmið langt undir lögbundnu hámarki

Útkomuspá 2024

- Mikill rekstrarbati í A sjóði og skuldahlutfall lækkar milli ára
- Veltufé frá rekstri styrkist verulega milli ára, einkum í A sjóði

Helstu atriði fjárhagsáætlunar 2025

<p>Rekstrarniðurstaða</p> <table border="1"> <tr> <td>359 m.kr.</td> <td>712 m.kr.</td> </tr> <tr> <td><i>A-hluti</i></td> <td><i>Samstæða A og B hluti</i></td> </tr> </table>	359 m.kr.	712 m.kr.	<i>A-hluti</i>	<i>Samstæða A og B hluti</i>	<p>Veltufé frá rekstri</p> <table border="1"> <tr> <td>2.137 m.kr.</td> <td>2.949 m.kr.</td> </tr> <tr> <td><i>A-hluti</i></td> <td><i>Samstæða A og B hluti</i></td> </tr> </table>	2.137 m.kr.	2.949 m.kr.	<i>A-hluti</i>	<i>Samstæða A og B hluti</i>	<p>Veltufé frá rekstri % af tekjum</p> <table border="1"> <tr> <td>7,1%</td> <td>9,0%</td> </tr> <tr> <td><i>A-hluti</i></td> <td><i>Samstæða A og B hluti</i></td> </tr> </table>	7,1%	9,0%	<i>A-hluti</i>	<i>Samstæða A og B hluti</i>
359 m.kr.	712 m.kr.													
<i>A-hluti</i>	<i>Samstæða A og B hluti</i>													
2.137 m.kr.	2.949 m.kr.													
<i>A-hluti</i>	<i>Samstæða A og B hluti</i>													
7,1%	9,0%													
<i>A-hluti</i>	<i>Samstæða A og B hluti</i>													
<p>Skuldir og skuldb.</p> <table border="1"> <tr> <td>40.063 m.kr.</td> <td>26.155 m.kr.</td> </tr> <tr> <td><i>Samtals</i></td> <td><i>Þar af skuld við lánastofn.</i></td> </tr> </table>	40.063 m.kr.	26.155 m.kr.	<i>Samtals</i>	<i>Þar af skuld við lánastofn.</i>	<p>Skuldahlutfall</p> <p>123,4%</p> <p><i>Áætlun 2025</i></p>	<p>Skuldaviðmið</p> <p>103,9%</p> <p><i>Áætlun 2025</i></p>								
40.063 m.kr.	26.155 m.kr.													
<i>Samtals</i>	<i>Þar af skuld við lánastofn.</i>													
<p>Framlegðarhlutfall</p> <p>14,6%</p> <p><i>Áætlun 2025</i></p>	<p>Veltufjárhlutfall</p> <p>0,33</p>	<p>Kostnaður % af tekjum</p> <table border="1"> <tr> <td>42,6%</td> <td>41,4%</td> </tr> <tr> <td><i>Laun og launat.gj.</i></td> <td><i>Annar rekstrark.</i></td> </tr> </table>	42,6%	41,4%	<i>Laun og launat.gj.</i>	<i>Annar rekstrark.</i>	<p>Fjárfestingar brúttó</p> <p>5.160 m.kr.</p> <p><i>Áætlun 2025</i></p>							
42,6%	41,4%													
<i>Laun og launat.gj.</i>	<i>Annar rekstrark.</i>													


20.405

íbúar



2910

eldri borgarar



1.741

á leikskólaaldri



2.590

á grunnskólaaldri



186

fædd árið 2024



2

almennings sundlaugar



17

fótboltavellir




40%

af landsvæði
Garðabæjar er friðlýst



8

grunnskólar



17

leikskólar





Verkefni ársins 2025

Forvarnir, framfarir og góð þjónusta

Garðabær leggur mikla áherslu á að veita íbúum góða þjónustu á öllum æviskeiðum, með aðgengi að góðum leik- og grunnskólum, íþróttaaðstöðu og öflugu menningarlífi. Garðabær er heilsueflandi samfélag og leggur áherslu á að stuðla að góðri heilsu, vellíðan og auknum lífsgæðum íbúa á öllum aldri.

Ungmenni og börn í öndvegi

- Ungmennahús hefur starfsemi og aukin áhersla á starf félagsmiðstöðva fyrir miðstig og unglingastig
- Móttaka og kennsla barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn eflid
- Aukin áhersla á greiningu á námsárangri barna í grunnskólum Garðabæjar
- Hækkun hvatapeninga í 60 þúsund kr.
- Aukin sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga innan skólanna
- Aukin framlög til kaupa á tölvubúnaði og raungreinibúnaði fyrir nemendur



Eldra fólk í Garðabæ

- Aðgerðir til að vinna gegn félagslegri einangrun
- Heilsuefling í samstarfi við félög eldri borgara í Garðabæ
- Aukin stafræn þjónusta og stuðningur við að nýta sér hana





Verkefni ársins 2025

Uppbygging og umbreyting þjónustu

Uppbygging í Garðabæ heldur áfram og íbúar geta treyst á góða þjónustu - hvar og hvenær sem er.



Stafræn mál

- Efla stafræna þjónustu Garðabæjar og aðgengi að henni
- Nýta stafrænt vinnuafli og gervigreind í auknum mæli við lausn verkefna
- Endurnýjun á vefjum sveitarfélagsins
- Efla upplýsingaöryggi og öryggisvitund



Framkvæmdir

- Framkvæmdir fyrir 6 milljarða á árinu 2025
- Fjárfesting upp á 450 m.kr. er fyrirhuguð árið 2025 til að bæta aðstöðu í leik- og grunnskólum
- Áætlað er að verja 240 m.kr. árið 2025 til uppbyggingar íþróttamannvirkja
- 1.700 m.kr. verður varið í uppbyggingu Urriðaholtsskóla árið 2025
- Umfangsmiklar fráveituframkvæmdir fyrirhugaðar á Álftanesi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Verkefni ársins 2025

- Hækkum hvatapeninga í 60 þúsund kr.
- Hönnum stækkun á húsnæði Tónlistarskóla Garðabæjar
- Lagfærum skólalóð Hofsstaðaskóla
- Hönnum stækkun á skólahúsnæði og opnum nýja leikskóladeild á Álftanesi
- Kaupum nýjan búnað til raungreinakennslu
- Sköpum atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk í stofnunum bæjarins
- Hleypum Ungmennahúsi af stokkunum
- Fjölum ráðgjöfum í barnavernd
- Eflum starfsemi félagsmiðstöðva á miðstigi og unglíngastigi
- Styrkjum grunnskóladeild með nýju stöðugildi
- Eflum og samræmum móttöku fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- Höldum áfram að bæta starfsumhverfi leikskóla í samræmi við aðgerðaráætlun
- Nýtum stafrænt vinnuafli í auknum mæli með aðstoð róbótatækni og gervigreindar
- Tökum í notkun nýjan púttvöll á Sjólandi
- Endurnýjum lagnir á Álftanesi
- Eflum upplýsingaöryggi Garðabæjar
- Setjum upp nýja vefi fyrir stofnanir Garðabæjar
- Fjölum sérhæfðum kennurum fyrir börn með annað móðurmál en íslensku
- Eflum miðbæinn áfram með breyttu skipulagi og fjölgun tækifæra til atvinnu og menningarstarfs

- Aukum sálfræðipjónustu í leik- og grunnskólum
- Endurnýjum gervigras á knattspyrnuvelli á Álftanesi
- Endurnýjum gervigras á knattspyrnuvelli við Ásgarð næst Stekkjarflöt
- Tökum í notkun nýja aðstöðu fyrir eldri borgara á Álftanesi
- Eflum stafræna þjónustu Garðabæjar
- Aukum áherslu á greiningu og eftirfylgni með námsárangri barna í bænum
- Sumarvinna býðst öllum ungmennum undir 18 ára aldri í Garðabæ.
- Undirbúum sérstök virkniúrræði fyrir fatlað fólk í Garðabæ
- Hefjum framkvæmdir við tengingu fráveitu Álftaness við Skerjafjarðaveitur
- Eflum kvöldsamgöngur ungmenna í frístundastarfi
- Tökum í notkun 1.600 m² rými á annarri hæð Miðgarðs fyrir aukna heilsutengda þjónustu
- Ljúkum endurbótum á skólahúsnæði Garðaskóla
- Höldum áfram framkvæmdum við sundlaug og íþróttasal í Urriðaholtsskóla
- Aukum stuðning við fötluð börn og ungmenni á sumarnámskeiðum og í sumarvinnu í Garðabæ
- Höldum áfram með framkvæmdir á verkefnum sem hlutu kosningu í Betri Garðabæ



„Í umfangsmikilli fjárhagsáætlun Garðabæjar er auðvelt að týna sér í tölunum. Mér finnst því mikilvægt að draga fram með einföldum hætti dæmi um þau fjölmörgu verkefni sem við munum vinna að og klára árið 2025.“

Almar Guðmundsson, bærarstjóri Garðabæjar


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Ábyrgur rekstur og uppbygging við krefjandi aðstæður

Rekstur og fjárhagsstaða


- Á tímabilinu 2025-2028 er áætlað að rekstrarniðurstaða verði áfram jákvæð á bilinu 359-1.279 m.kr. á ári
- Sjóðstreymi er sterkt og dregur þannig úr þörf á lántöku
- Garðabær er langt innan viðmiða bæði hvað varðar skuldareglu og jafnvægisreglu um heildarútgjöld til reksturs
- Hagræðing um 200 m.kr. er hluti af áætlunum bæjarins

Rekstrarniðurstaða, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá


Skuldaviðiðmið



*Mosfellsbær skv. áætlun 2024 fyrir 2025

*Reykjavík án OR

Veltufé frá rekstri





Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áfram lágur álögur á íbúa og fyrirtæki



Útsvar

Útsvarsprósenta í Garðabæ er 14,71% lægst á meðal stærri sveitarfélaga



Fasteignagjöld

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis lækkar. Hlutfall fasteignskatts verður 0,161%, en var 0,163% árið 2024




Gjaldskrár

Áætlun gerir almennt ráð fyrir 3,9% hækkun gjaldskráa í samræmi við verðlagsþróun.

Fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Skv. fjárhagsáætlunum 2025



Fasteignagjöld

Fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis

0,163%	0,161%
2024	2025

Holræsagjald

0,078%	0,078%
2024	2025

Vatnsgjald

0,074%	0,074%
2024	2025

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis

1,52%	1,52%
2024	2025

Efnisyfirlit

Helstu atriði

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARDABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Lykiltölur

m.kr.	A hluti						Samantekið - A og B hluti					
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2023	2024*	2025	2026	2027	2028	2023	2024*	2025	2026	2027	2028
Rekstrarreikningur												
Rekstrartekjur	27.022	27.262	29.877	32.150	33.803	35.542	29.146	29.342	32.455	34.798	36.516	38.321
Rekstrargjöld	22.379	23.562	26.061	27.826	29.134	30.684	23.613	24.811	27.723	29.555	30.926	32.542
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	4.643	3.699	3.816	4.323	4.669	4.857	5.532	4.532	4.732	5.243	5.590	5.779
Afskriftir	-1.335	-1.479	-1.683	-1.676	-1.825	-1.964	-1.585	-1.746	-1.980	-2.019	-2.195	-2.360
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	3.308	2.221	2.133	2.648	2.844	2.894	3.948	2.786	2.752	3.224	3.395	3.419
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2.178	-2.127	-1.773	-1.666	-1.598	-1.614	-2.305	-2.312	-2.040	-1.916	-1.847	-1.875
Rekstrarniðurstaða	1.130	94	359	982	1.246	1279	1.642	474	712	1.308	1.548	1.545
Efnahagsreikningur												
Eignir samtals	57.148	55.106	57.802	60.1799	62.581	65.299	63.409	64590	68.027	71.052	74.074	77.365
Eigið fé	21.693	21.787	22.146	23.129	24.375	25.655	26.778	27.252	27.964	29.271	30.820	32.365
Skuldir og skuldbindingar samtals	35.455	33.319	35.656	37.050	38.206	39.645	36.632	37.338	40.063	41.780	43.254	45.001
Sjóðstreymi												
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	-189	1.895	2.137	3.030	3.487	3.763	647	2.665	2.949	3.826	4.266	4.543
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	114	136	304	202	189	172	165	173	383	328	351	358

Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Áætluð rekstrarniðurstaða 2024-2028

Rekstrarniðurstaða í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Rekstrartekjur og rekstrargjöld á hvern íbúa



*Samkvæmt útkomuspá



Rekstrarniðurstaða

- Samkvæmt útkomuspá 2024 er áætluð rekstrarniðurstaða samstæðu 474 m.kr.
- Árið 2025 er áætluð rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði 2.752 m.kr. og rekstrarniðurstaða 712 m.kr.



Tekjur og gjöld á hvern íbúa

- Áætlað er að tekjur á hvern íbúa nemi 1.616 þús. kr. á árinu 2025 og 1.762 þús. kr. í lok tímabilsins árið 2028
- Áætlað er að gjöld á hvern íbúa muni aukast um 11,7% á árinu 2025




Eignir Garðabæjar

- Eignir Garðabæjar árið 2025 eru áætlaðar 68.026 m.kr. en það er aukning um 5,3% frá útkomuspá 2024
- Eigið fé er áætlað 27.964 m.kr. og skuldir og skuldbindingar 40.063 m.kr.


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætlaðar skatttekjur 2025

Tekjur 2025 í m.kr.



Áætluð þróun íbúafjölda 2024-2028



Áætlaðar skatttekjur eru 26.334 m.kr.



Útsvar

- Áætlaðar útsvarstekjur eru 19.597 m.kr. og hækka um 8,6% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2024. Við gerð áætlunarinnar er byggt á spá Sambands íslenskra sveitarfélaga, útkomuspá 2024 og tekið er tillit til áætlaðrar launaþróunar og íbúafjölgunar. Á tímabilinu 2026-2028 er áætlað að útsvarstekjur hækki í takt við fjölgun íbúa. Álagningarhlutfall útsvars verður 14,71%



Fasteignaskattar

- Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum nemi 2.857 m.kr. og hækki um 7,8% milli ára og eru þá meðtaldar nýjar eignir sem bæst hafa við á árinu 2024. Lóðarleiga nemur 545 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að álagningahlutfall fasteignaskatta verði 0,161% og lækkar milli ára, var 0,163% árið 2024



Jöfnunarsjóður

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 3.335 m.kr. á árinu 2025 en voru 2.811 m.kr. 2024. Nemur hækkunin milli ára 18,6%




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætluð rekstrargjöld 2025


Áætlaður launakostnaður 2025

- Launakostnaður nemur samtals 13.834 m.kr. árið 2025 í A og B sjóði sem er 8,8% hækkun milli ára og 14,5% hækkun frá niðurstöðu ársreiknings 2023. Stöðugildi eru alls 915 1. des 2024.
- Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana á almennum vinnumarkaði sem gert er ráð fyrir að verði sá sami hjá opinberum starfsmönnum.

Launakostnaður sem % af tekjum



Gjöld 2025 í m.kr.




Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2025

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 13.454 m.kr. og hækkar um 15,3% milli ára.

Stór hluti annars rekstrarkostnaðar er aðkeypt þjónusta sem tekur mið af launaþróun. Dæmi um liði sem fara hækkandi skv. áætlun:

- Húsaleigubætur
- Fóstrun barna utan heimilis
- Heimili fatlaðs fólks
- Urriðaholtsskóli
- Urriðaból við Holtsveg
- Rekstur frístundabíls
- Alþjóðaskólinn vegna fjölgunar nemenda

Afborganir langtímaskulda A-og B-hluta, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Sjóðstreymi, lántökur og afborganir

- Á tímabilinu 2026-2028 er áætlað að veltufé frá rekstri verði sterkt, sem takmarkar þörf á lántöku fyrir fjárfestingum
- Samkvæmt útkomuspá 2024 er áætlað að lántaka á árinu 2024 verði 4.500 m.kr. Var hækkað um 500 m.kr. sbr. ákvörðun bæjarráðs þann 5. nóvember 2024
- Áætlun 2025-2028 gerir ráð fyrir að tekin verði ný lán að upphæð 14.050 m.kr.
- Á sama tímabili verða afborganir langtímalána 8.172 m.kr. og því verður hrein lántaka 5.878 m.kr.
- Vænta má að gatnagerðartekjur skili meiri fjármunum í bæjarsjóð en sem nemur gatnagerðarframkvæmdum á árinu 2025 og næstu árum. Verði það raunin mun þörf á langtímalántökum minnka frá því sem hér er sett fram, auk þess sem skammtímaskuldir yrðu þá að fullu greiddar upp



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum


Jafnvægisreglan

- Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B- hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.
- Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2023 sýndi jákvæða niðurstöðu 1.642 m.kr. í A og B sjóði. Útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu, 474 m.kr. fyrir A og B sjóð og framlögð áætlun fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir 712 m.kr. jákvæðri afkomu samstæðunnar.

Skuldareglan


- Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall Garðabæjar skv. ársreikningi 2023 nam 126%. Samkvæmt útkomuspá ársins 2024 er gert ráð fyrir að það nemi 127% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 123%. Skuldaviðmið nemur 104% árið 2025.
- Alþingi samþykkti vegna tekjufalls sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19 að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025. Garðabær er innan marka upprunalegra viðmiðana bæði hvað varðar jafnvægisreglu og skuldareglu.

Rekstrarjöfnuður/Jafnvægisregla í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Skuldahlutfall



— Skuldahlutfall — Skuldaviðmið - - - Lagalegt hámark skuldaviðmiðs

*Samkvæmt útkomuspá

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Ferli og óvissuþættir vegna áætlunar 2025

Fjárhagsáætlun 2025-2028

- Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar voru lagðar fram í bæjarráði þann 10. september 2024
- Frumvarp að fjárhagsáætlun er lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 7. nóvember 2024. Síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar er í höndum bæjarstjórnar Garðabæjar þann 5. desember 2024
- Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2026, 2027 og 2028
- Við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni ríkir áfram óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Verðbólga á heimsvísu hefur verið hærri en þekkt hefur í langan tíma og á það einnig við um Ísland
- Kjarasamningar á almennum markaði voru undirritaðir í febrúar 2024. Um er að ræða fjögurra ára langtímasamning með hóflegum launahækkunum. Þegar hefur verið samið við STAG (BSRB) og Hlíf. Þá eru frágengnir samningar við Visku, sem er félag innan BHM. Ósamið er við aðra



Verðlagsforsendur, vextir og gengi

Enn ríkir nokkur óvissa um þróun verðbólgu á næsta ári en þó horfir til betri vegar. Einnig ríkir óvissa um vaxtastig þó að toppnum hafi verið náð. Ekki eru miklar breytingar í þjóðhagsþáttum en náttúruhamfarir á Reykjanesi skapa enn óvissu



Stríðsátök og alþjóðamál

Framvinda stríðsátaka í Úkraínu og Ísrael með tilheyrandi fjölgun flóttafólks, hækkandi framleiðslukostnaði, orkukreppu og jafnvel skorti á ákveðnum vörum hefur mikil áhrif á framvindu efnahagsmála á heimsvísu



Staða kjarasamninga

Ósamið er við um 45% starfsmanna Garðabæjar. Kjarasamningar við kennara eru búnir að vera lausir síðan í maí og kjaradeila er yfirstandandi. Einnig er ósamið við hluta BHM félaga opinberra starfsmanna. Enn ríkir því óvissa um niðurstöðu þessara samninga sem hafa veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaga

Efnisyfirlit

Helstu atriði

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málaflokkar



Málaflokkar

Hér verður gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við útkomuspá ársins 2024. Málaflokkar skiptast niður á fimm svið sveitarfélagsins.



Fræðslu- og menningarsvið

Fræðslu- og uppeldismál, æskulýðs- og íþróttamál, forvarnamál og menningarmál



Velferðarsvið

Barnavernd, stuðningur við fatlað fólk og eldri borgara, búseta, félagsráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál og samræmd móttaka flóttamanna



Umhverfissvið

Umhverfismál, brunamál, almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál



Fjármála- og stjórnsýslusvið

Bæjarstjórn, bæjarskrifstofur og sameiginlegur kostnaður




Þjónustu- og þróunarsvið

Upplýsingatækni, þjónusta, samskipti og stafræn þróun og umbætur

Skipting framlaga málaflokka 2025 í m.kr.


- Fræðslu og uppeldismál
- Félagsþjónusta
- Umferðar og samgöngumál
- Menning
- Skipul./bygg.mál
- Æskulýðs og íþróttamál
- Sameiginl. kostn.
- Umhv.mál
- Annað



Fræðslu- og menningarsvið

- Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 15.413 m.kr. á árinu 2025 sem er hækkun um 1.666 m.kr. eða 12,1%
- Á skrifstofu fræðslu- og menningarmála starfa sviðsstjóri, grunn- og tónlistarskólafulltrúi, leikskólafulltrúi, menningarfulltrúi, íþróttatómstunda- og forvarnarfulltrúi, verkefnastjóri kennslu- og upplýsingamála, sérkennslufulltrúi leikskóla, þrír sálfræðingar og tveir talmeinafræðingar

Skipting útgjaldaliða fræðslumála 2025 í m.kr.



- Kostnaður vegna skrifstofu fræðslu- og menningarmála er áætlaður 641 m.kr. sem er hækkun um 27,6% milli ára. Gert er ráð fyrir 28 m.kr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 9 m.kr. til þróunarverkefna í leikskólum.
- Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð 40 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 98 m.kr. í sérstakan stoðþjónustu/sérkennslupott fyrir leik- og grunnskóla og 26 m.kr. til kennslu barna í grunnskóla með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Einnig er gert ráð fyrir 26 m.kr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla.
- Innleiðing farsældar heldur áfram á árinu 2025. Áætlaðar eru 46 m.kr. en færast nú á velferðarsvið sem sameiginlegur kostnaður beggja sviða.
- Tillögur um bætt leikskólaumhverfi í Garðabæ koma til framkvæmda á árinu.

Stöðugildi fræðslu- og menningarsviðs: 710,3



Leikskólar
275
stöðugildi



Frístund
33
stöðugildi



Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs
15,3 stöðugildi



Grunnskólar
358
stöðugildi



Tónlistarskólar
31 stöðugildi



Leikskólar


- Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl. Garðabær er það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem einna lengst er komið að ná því markmiði
- Helstu breytingar á leikskólaumhverfinu er fjölgun leikskólabarna í sveitarfélaginu samhliða stækkandi sveitarfélagi. Á síðasta ári var nýr leikskóli, Urriðaból við Holtsveg, opnaður og á árinu 2025 verður sá skóli kominn í fullan rekstur. Leikskóladeildin við Urriðaholtsskóla stækkaði töluvert og sá rekstur er nú inni í áætlun 2025

Stöðugildi



Leikskólar
275 stöðugildi


Framlög til leikskóla í m.kr.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Leikskólamálar: Fjöldi leikskólabarna

Fjöldi barna í leikskólum



- Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar í lok október 2024 var 1.366, þar af 540 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum
- Leikskólabörnum hefur fjölgað um 11% á síðasta ári eða um 133 börn

Leikskólar

- Leikskólar í Garðabæ, hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða sjálfstætt starfandi, bjóða börnum dvöl frá 12 mánaða til 5 ára aldurs. Sunnuhvoll og Mánahvoll eru sérstakir ungbarnaleikskólar
- Stefnt er að því að ljúka innritun allra barna sem fædd eru 2023 og eldri í byrjun árs 2025. Innritað er í leikskóla allan ársins hring eftir því sem pláss losna en stærsta innritunin fer fram í apríl/maí
- Á árinu 2024 komu til framkvæmda tillögur um bætt starfsumhverfi skólanna með það að markmiði að efla fagumhverfi skólanna og hvetja fólk til að starfa á leikskólum bæjarins. Áfram verður haldið á árinu 2025 með seinni hluta tillagna
- Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðingum skólajónustu fyrir þau börn sem þurfa stuðning og hefur verið lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Leikskólamál: Rekstrarkostnaður

Sjálfstætt starfandi leikskólar


- Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni
- Launaþáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Stefnt er að því að endurnýja samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og er unnið að því að ljúka þeim samningum á árinu 2025
- Um 520 börn eru í sjálfstætt starfandi leikskólum í Garðabæ

Einkareknir leikskólar



- Leikskólinn Sjáland
- Leikskólinn Ásar
- Leiksk. Hnoðraholt - Hjalli
- Urriðaból við Kaupún
- Leiksk. Litlu Ásar Vífilsstöðum
- Barnask. Hjalla - leiksk.

Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2025



- Bæjarreknir leikskólar
- Einkareknir leikskólar
- Leikskólanefnd, dagforeldra- og dagvistargjöld

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Grunnskólar



Grunnskólar

- Áætlað er að verja um 8.377 m.kr. til grunnskólareksturs á árinu 2025. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 1.128 m.kr. eða 15,5%. Þar af til reksturs einkaskóla 443 m.kr.
- Í heildina fjölgaði nemendum í grunnskólum Garðabæjar um 40 á milli vor- og haustannar 2024
- Á milli skólaáranna 2023/24 og 2024/25 fjölgar nemendum við Urriðaholtsskóla um 67, 8 í Álftanesskóla og í Sjálandsskóla um 12. Nemendum fækkaði í Flataskóla um 41 og 19 í Garðaskóla
- Nemendur í Alþjóðaskólanum voru 116 við upphaf skólaársins 2024-2025 og 107 nemendur voru í Barnaskóla Hjallastefnunnar
- Stoðþjónusta í grunnskólum hefur aukist á milli skólaára og er henni mætt í áætlun ársins 2025

Stöðugildi: 391




Grunnskólar
358 stöðugildi



Frístundaheimili
33 stöðugildi

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Grunnskólar og tónlistarskóli


Grunnskólar

- Gert er ráð fyrir 162 m.kr. framlagi til viðhalds á húsnæði skólanna
- Einnig verður ráðist í endurbætur á skólahúsnæði og skólalóðum að fjárhæð 450 m.kr.
- Þá er gert ráð fyrir að 1.700 m.kr. verði varið til byggingar þriðja áfanga Urriðaholtsskóla. Áætlað er að byggingu skólans verði lokið 2026

Einkareknir grunnskólar

- Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum en unnið er að endurskoðun samninga. Gert er ráð fyrir að verja 443 m.kr. til einkarekinna skóla árið 2025

Skipting kostnaðar vegna grunnskólarekstrar 2025




Námsvistargjöld

- Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 532 m.kr. vegna leik- og grunnskóla sem er 16,9% hækkun frá 2024. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík, Klettaskóla og Arnarskóla. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 14 m.kr. á árinu 2025

Tónlistarskóli

- Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 415 m.kr. sem er 15,4% hækkun frá 2024 vegna nýrra kjarasamninga frá 2024. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur eða um 500 og þar af 391 á grunnskólaaldri
- Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskóla til kennslu sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur. Starfsstöðvar skólans eru í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla þar sem eru 53 nemendur. Stöðugildi í Tónlistarskóla Garðabæjar í september 2024 voru 31,5

Skipting kostnaðar vegna menningarmála 2025



Menningarmál

- Fjárveiting til menningarmála er 343 m.kr. sem er hækkun um 3,4% á milli árána 2024 og 2025
- Framlög til Bókasafns Garðabæjar nema 151 m.kr.
- Rekstrarframlag Garðabæjar með Hönnunarsafni Íslands er áætlað 73 m.kr.
- Framlag ríkisins til reksturs Hönnunarsafnsins í frumvarpi að fjárlögum er áætlað 22 m.kr. árið 2025. Á árinu 2024 kom sérstakt framlag frá ríkinu til Garðabæjar vegna safnafræðslu, 30 milljónir til þriggja ára. Garðabær er í samningaviðræðum við ríkið um nýtt varðveislurými safnmuna
- Framlag til annarra menningarmála er 119 m.kr. en undir það falla meðal annars menningar- og bæjarhátíðir, önnur safnastarfsemi og styrkveitingar til ýmiss konar menningarstarfs

Stöðugildi



Menningarmál
10,6 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál



- Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 3.330 m.kr. og hækka um 356 m.kr. milli ára eða 11,9%
- Ný rekstrareining, Miðgarður fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri, var tekin í notkun í upphafi árs 2022 og er áætlaðar kostnaður við rekstur þess nú 455 m.kr.
- Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, í Mýrinni, íþróttahúss Sjalandskóla og Miðgarðs. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 1.499 m.kr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 80 m.kr.
- Ný félagsmiðstöð Urrinn, var formlega stofnuð í Urriðaholtsskóla haustið 2024. Áætlað er að rekstur allra félagsmiðstöðva auk Urrans, Garðalundar í Garðaskóla, Klakans í Sjalandskóla og Elítunnar í Álftanesskóla nemi 198 m.kr. sem er 5,2 % hækkun frá áætlun 2024. Auk þess er 25 m.kr. fjárveiting til ungmennahúss og eflingar félagsmiðstöðva
- Styrkir til íþrótt- og æskulýðsmála eru áætlaðir 651 m.kr. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga eru áætluð 190 m.kr. og verða hvatapeningar fyrir hvert barn kr. 60.000. Hægt er að sækja um 15.000 kr. til viðbótar ef tekjur eru undir ákveðnu viðmiði
- Framlag til reksturs frístundabíls er áætlað 50,5 m.kr. á árinu 2025 og hækkar um 9,8% frá áætlun 2024. Framlög til skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 36,5 m.kr. og lækkar um 11 m.kr. vegna minni framkvæmda

Skipting kostnaðar vegna æskulýðs- og íþróttamála 2025



Stöðugildi



Æskulýðs- og íþróttamál
61,9 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Velferðarmál

Velferðarsvið



- Hlutverk velferðarsviðs er að sinna málaflokkum sem varða þjónustu við einstaklinga, börn og fjölskyldur þeirra, s.s. málefnum barnaverndarþjónustu, málefnum aldraðra og málefnum fatlaðs fólks
- Markmið velferðarþjónustu er að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa og bregðast við fjölbreyttum þörfum þeirra fyrir velferðarþjónustu með jákvæðni, fagmennsku og áreiðanleika að leiðarljósi. Horft er til þess að stuðla að framþróun í velferðarþjónustu og innleiða nýjungar sem auka velferð og aðgengi að þjónustu
- Velferðarsvið leggur áherslu á að efla samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem veita velferðarþjónustu, s.s. heilbrigðiskerfið, menntakerfið og aðrar stofnanir innan og utan sveitarfélags

Velferðarmál



- Til velferðarmála er gert ráð fyrir að verja um 4.398 m.kr. á árinu 2025 sem er hækkun um 475 m.kr. milli ára eða rúm 12%

Stöðugildi velferðarsviðs: 94,9



Skrifstofa velf. sviðs
15,6 stöðugildi



Málefni fatlaðra
72,9 stöðugildi




Félags- og
tómstundastarf
3,5 stöðugildi




Stuðnings- og
öldrunarþjónusta
3,9 stöðugildi

Framlög til velferðarmála í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2025



Barnaverndarþjónusta



- Fjöldi mála til vinnslu í barnaverndarþjónustu er breytilegur milli ára. Alls bárust 631 tilkynningar til barnaverndar á árinu 2023 og vörðuðu tilkynningarinnar 299 börn. Í lok október 2024 höfðu borist 432 tilkynningar til barnaverndar og um 160 mál voru til vinnslu á þeim tíma
- Barnaverndarþjónusta er þriðja stigs þjónusta og er ætlað að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða börnum sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu, nauðsynlega aðstoð (barnaverndarlög nr. 80/2002)
- Til að bregðast við margþættum þörfum barna og fjölskyldna þeirra þarf að beita viðeigandi stuðningsúrræðum sem metin eru sérstaklega við vinnslu hvers máls. Tekur fjárhagsáætlun 2025 mið af þeim stuðningsúrræðum sem nauðsynlegt er að hafa tiltæk við vinnslu barnaverndarmála, en sérstök áhersla er lögð á foreldrafærniþjálfun sem fram fer á heimilum fjölskyldna, sálfræðiþjónustu fyrir börn og virkniúrræði
- Áætlaður kostnaður vegna barnaverndarþjónustu árið 2025 er 183 m. kr. og er kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis 134 m.kr.
- Breytingar tengdar lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hafa ýmis áhrif á barnaverndarstarfið en lögin heimila meiri samvinnu og opnara samtal milli kerfa, með samþykki foreldra og barna
- Árið 2024 er annað starfsár Umdæmisráðs. Í nóvember 2024 hefur verið óskað eftir tveimur úrskurðum frá ráðinu

Stöðugildi barnaverndarþjónustu: 5




Málstjórar
4 stöðugildi



Deildarstjóri barna-
verndarþjónustu
1 stöðugildi

Að auki kemur lögfræðingur velferðarsviðs að undirbúningi og vinnslu barnaverndarmála

Framlög til barnaverndarþjónustu í m.kr.



Stuðnings og stoðþjónusta við fatlað fólk



Hlutverk stuðnings- og stoðþjónustu er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir

Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir margbættri þjónustu, m.a. búsetuþjónustu, notendasamningum, NPA samningum, stuðningsfjölskyldum og liðveislusamningum. Þá er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu frá einkaaðilum og öðrum sveitarfélögum til að mæta þjónustupörfum einstaklinga. Áhersla er á ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna og endurskoðun kröfulýsinga á þjónustu sem veitt er á heimilum fatlaðs fólks

Samningar um liðveislu voru um 85 á árinu 2024 og áætlað er að fjöldi þeirra verði svipaður 2025. Liðveislu er ætlað að draga úr félagslegri einangrun og efla félagsleg tengsl barna og ungmenna. Um 80 tímavinnustarfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn menntunar og reynslu koma að þessu mikilvæga verkefni

Framlög frá Jöfnunarsjóði vegna fatlaðs fólks eru 2.195 m.kr.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks



Aukning hefur orðið í akstursþjónustu fatlaðs fólks og í áætlun 2025 er gert ráð fyrir 134 m.kr. í akstursþjónustu, bæði almenna og skólaakstur. Þjónustusamningar eru við Pant og Hreyfil sem sinna þjónustunni

Stöðugildi í málefnum fatlaðra: 74,9



Bæjarskrifstofa
2 stöðugildi




Heimili fatlaðra og
skammtímadvöl
72,9 stöðugildi

Deildarstjóri
stoðþjónustu og búsetu
Ráðgjafaproskafjalfi

Að auki búsetukjarni á Unnargrund fyrir 6 einstaklinga, 15,5 stöðugildi og búsetukjarni í Brekkúás fyrir 7 einstaklinga, 23 stöðugildi.

Framlög til þjónustu við fatlað fólk í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2024

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Stuðnings- og öldrunarþjónusta

Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Í stuðnings- og öldrunarþjónustu er þjónusta veitt til einstaklinga og fjölskyldna tengt fjölbreyttri stuðningsþjónustu, s.s. innliti, heimsendum mat, ferðaþjónustu og tómstunda- og félagsstarfi. Auk þess er boðið upp á almenna og sértæka ráðgjöf til íbúa

Gott að eldast er yfirskrift aðgerðaráætlunar stjórnvalda í málefnum eldra fólks, þar er m.a. lögð áhersla á að þróa þjónustu til eldri borgara í takt við breyttar þarfir og nýja tíma. Horft hefur verið til þessa verkefnis við framkvæmd þjónustu til eldri borgara í Garðabæ

Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir um 231 m.kr. í stuðningsþjónustu.



Heimilisþrif 370 heimili á mánuði



Heimsendur matur 1050 matarbakkar á mánuði



Innlit 600 innlit á mánuði

Stöðugildi stuðnings- og öldrunarþjónustu: 7,4



Skrifstofa
3,9 stöðugildi

Deildarstjóri
stuðnings- og
öldrunarþjónustu
Ráðgjafar




Tómstundastarf eldri borgara í Jónshúsi
2,5 stöðugildi



Umsjónarmaður Jónshúss
1 stöðugildi

Framlög til þjónustu við aldraða í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2024



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og móttaka flóttafólks



Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og móttaka flóttafólks

- Á velferðarsviði starfa félagsráðgjafar sem bjóða einstaklingum eldri en 18 ára og fjölskyldum upp á almenna og sértæka ráðgjöf í málum sem varða fjárhagsvanda, virkniúrræði, húsnæðismál, framfærslu eða aðra félagslega erfiðleika. Áhersla er lögð á að valdefla og leiðbeina aðilum um þeirra réttindi og skyldur í velferðarkerfinu
- Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Öll fjárhagsaðstoð er einstaklingsbundin og miðar að því að stuðla að valdeflingu einstaklinga til sjálfshjálpar og virkni. Fjárhagsaðstoð er tímabundið úrræði

Heildarfjöldi notenda á fjárhagsaðstoð



■ 2022 ■ 2023 ■ 2024

- Garðabær er þátttakandi í samræmdri móttöku flóttafólks síðan 24. apríl 2023. Í samningi Garðabæjar við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið árið 2024, var skrifað undir samning um móttöku 140 einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd. Í samningnum er m.a. gert ráð fyrir fjármagni til að veita flóttafólki þá umframbjónustu sem nauðsynleg þykir til að stuðla að farsælli inngildingu í samfélagið
- Á árinu gerði Gæða- og eftirlitsstofnun (GEV) úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Þar kom í ljós misræmi í framkvæmd sveitarfélaganna við móttökuna og að þjónustusamningar ráðuneytisins og fylgiskjöl hans þóttu ekki nógu skýr
- Að beiðni sveitarfélaganna var settur á fót starfshópur til að koma með tillögur að nýjum samningi til framtíðar og verður skýrsla GEV höfð til hliðsjónar við vinnu hópsins
- Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í allt að tvö ár



Umhverfismál

- Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 665 m.kr. sem er 9,7% hækkun frá fyrra ári
- Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 259 m.kr. á árinu 2025 en var 230 m.kr árið 2024
- Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 33 m.kr. og kostnaður við slátt og umhirðu opinna svæða er áætlaður 230 m.kr en var 205 m.kr. árið 2024



Brunamál og almannavarnir

- Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 228 m.kr. en voru 207 m.kr. árið 2024. Hækkunin nemur um 10 %
- Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir hækkun sem nemur 10 % frá fyrra ári og verður samtals 220 m.kr.
- Framlag til sjóvarnargarða er 4,2 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi í samstarfi við Vegagerðina

Stöðugildi Umhverfissvið: 35




Skipulags- og byggingarmál
9 stöðugildi



Umhverfismál, eignasjóður og vatnsveita
26 stöðugildi

Skipting kostnaðar umhverfismála 2025



- Sumaráttak v. ungs fólks
- Sláttur á opnum svæðum
- Annað


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Hreinlætismál

Hreinlætismál

- Framlög til hreinlætismála nema 39 m.kr. árið 2025 en voru áætluð 27 m.kr. árið 2024.
- Farið var í útboð á árinu 2024 vegna sorphirðu þar sem Íslenska Gámafélagið var lágstbjóðandi í hirðu á tunnum og körum en Terra var lágstbjóðandi í hirðingu á djúpgámum
- Grenndargámar eru sjö talsins í Garðabæ og voru gerðar breytingar á þeim á árinu. Skilgreindar voru hefðbundnar grenndarstöðvar þar sem íbúar geta losað gler, málma, skilagjaldskyldar umbúðir og textíl og svo stærri grenndarstöðvar þar sem íbúar geta jafnframt losað pappír/pappa og plast
- Kostnaður við meindýraeyðing er 5 m.kr og dýraeftirlit sem er 2,4 m.kr.
- Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits árið 2025 er áætlaður 18,1 m.kr.

Skipting kostnaðar vegna hreinlætismála 2025






Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál

- Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals 410 m.kr. sem er aukning um 7% frá árinu 2024
- Gert er ráð fyrir að verja um 116 m.kr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðisskipulags samanborið við 112 m.kr. árið 2024
- Á árinu 2025 verður unnið að fjölbreyttum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu. Helstu verkefni varðandi aðalskipulag er endurskoðun 4. kafla aðalskipulags sem fjallar um samgöngur og þjónustukerfi, í samhengi við það verður mótuð hjólréiðastefna Garðabæjar sem er langt komin og þróunarsvæði Lyngáss og Hafnarfjarðarveggar
- Deiliskipulag fyrir Arnarland, Hnoðraholt háholt, Álftanes Norðurnes, Arnarnesveg, þróunarsvæði Lyngáss og Hafnarfjarðarveggar, Vetrarmýri og Smalaholt eru helstu verkefnin sem unnin verða á árinu 2025 ásamt endurskoðun á deiliskipulagi eldri hverfa


Skipting kostnaðar vegna skipulags- og byggingarmála 2025



Stöðugildi

Skipulags- og byggingarmál
9 stöðugildi

Byggingarleyfi - nýbyggingar 2020-2024






Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál

- Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 2.119 m.kr. árið 2025 sem er um 116 m.kr. hækkun frá 2024 eða 6%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 107 m.kr. í 114 m.kr., gatnahreinsun hækkar úr 48 m.kr. í 50 m.kr. og framlög til Strætó bs. eru svipuð milli ára vegna hækkunar framlaga frá ríkinu
- Unnið hefur verið að því að styrkja innviði fyrir fjölbreytta ferðamáta með það að markmiði að auka hlutdeild vistvænna samgangna. Frá árinu 2018 hefur verið unnið að fjölgun á strætóskýlum í Garðabæ og eru fjárveitingar á framkvæmdayfirliti að fjárhæð 15 m.kr. á árinu 2025. Einnig hefur verið unnið að því að bæta hjólaaðstöðu og verður áfram unnið að því verkefni þar sem horft verður til hjólreiðastefnu sem er í mótun. Þá hafa nýir stígar verið teknir í notkun, undirgöng undir Arnarneshæð og stígur í Vífilsstaðahrauni milli Urriðaholts og Vífilsstaða

Skipting kostnaðar umferðar- og samgöngumála 2025



- Áætlað er að verja 251 m.kr. til snjómoksturs og hálkueyðingar en í fyrra var gert ráð fyrir 237 m.kr. Nýjar götur og stígar hafa bæst við gatnakerfið ásamt auknum kröfum um háлкуvarnir á samgöngustígum. Til götulýsingar er áætlað að verja 142 m.kr og 75 m.kr til LED-ljósavæðingar, en gert er ráð fyrir að útskipti á lömpum verði að fullu lokið í lok árs 2028. LED-ljósavæðing götulýsingar kemur til með að lækka rekstrarkostnað verulega þegar fram líða stundir, bæði í raforkukaupum og þjónustu
- Á árinu 2025 greiðir Garðabær 155 m.kr. til Betri samgangna ohf. vegna uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Helstu verkefni sviðsins eru:

- Erindrekstur stjórnsýslu
- Fjármálastjórnun
- Lögfræðiráðgjöf
- Bókhald
- Mannauðs- og kjaramál
- Umsjón með ritun fundargerða
- Persónuvernd

Stöðugildi fjármála- og stjórnsýslusviðs: 19



Mannauðs- og
kjaradeild 7
Bókhald 7
Annað 4



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Þjónustu- og þróunarsvið

Nýtt svið stofnað á árinu 2024, innan sviðsins er:

- Upplýsingatækni
- Þjónusta
- Samskipti
- Stafræn þróun og umbætur

Markmið sviðsins er að:

- Veita markvissari þjónustu og leysa málin í fyrstu snertingu
- Endurskoða ferla og hagnýta tækni við lausn þeirra
- Auka vægi verkefnastýringar og teymisvinnu þvert á svið eftir þörfum hverju sinni
- Styðja við stöðugar umbætur og nýtingu stafrænna lausna í daglegum störfum

Stöðugildi þjónustu og
þróunarsviðs: 13



Upplýsingatækni 5
Þjónusta 4
Samskipti 2
Stafræn þróun 2





Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Stafræn þróun

Upplýsingatækni og öryggi:

- Með vaxandi upplýsingatækni í umhverfi Garðabæjar, þar sem börn í skólum bæjarins hafa aðgang að tölvum og tækjum, þarf að leggja mikla áherslu á öryggi upplýsingatækninnar. Þá þarf að stuðla að aukinni fræðslu um öryggismál fyrir starfsfólk og nemendur

Stafræn verkefni og umbætur:

- Fjöldmörg tækifæri felast í að nýta sér stafrænt vinnuafli til að léttu undir með ákveðnum verkefnum hjá starfsfólki bæjarins. Einnig verður skoðað hvar gervigreindin getur hjálpað og einfaldað vinnulag
- Garðabær á stórt gagnasafn sem hægt er að nýta betur við ákvarðanatöku og draga fram upplýsingar um árangur
- Áhersla verður lögð á að bæta ferla, endurskoða og stafvæða þá eins og mögulegt er til að veita samræmda, góða og skjóta þjónustu eftir þeim snertileiðum sem bæjarbúar kjósa sér




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Sameiginlegur kostnaður

Til sameiginlegs kostnaðar teljast tvö svið: Fjármála- og stjórnsýslusvið og Þjónustu- og þróunarsvið

- Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 964 m.kr. á árinu 2025 en var 935 m.kr. árið 2024. Hækkunin nemur 3,2%
- Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofa 436 m.kr., stafrænnar þróunar og þjónustu 301 m.kr., bæjarstjórnar og bæjarráðs 111 m.kr. og innheimtukostnaðar ríkisins vegna staðgreiðslu útsvars 92 m.kr.
- Kostnaður vegna upplýsingatækni er 426 m.kr. sem er tæplega 7% hækkun milli ára. Kostnaðurinn er allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað og fjölda stöðugilda

Skipting sameiginlegs kostnaðar 2025



*Hagræðing um 200 m.kr. fyrir Garðabæ í heild



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármagnskostnaður, fasteignausmsjón og þjónustumiðstöð

Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

- Fjármagnsgjöld eru áætluð 2.040 m.kr. Gert er ráð fyrir um 3,9% verðbólgu sem er til samræmis við spá Hagstofu frá síðastliðnum júní. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár hafa oftast reynst lægri en rauntölur. Afskriftir eru áætlaðar 1.980 m.kr. árið 2025 en voru áætlaðar 1.746 m.kr. árið 2024

Eignasjóður

- Eignasjóður hefur umsjón og eftirlit með rekstri fasteigna bæjarins. Svokallaðar innri leigutekjur eru tekjufærðar hjá eignasjóð og gjaldfærð á rekstur málaflokka. Helstu útgjöld eru fasteignagjöld, öryggisgæsla, húsa- og brunatryggingar, afskriftir, launakostnaður vegna tveggja starfmannna eignasjóðs og viðhald húsa og lóða. Einnig eru verðbóta- og vaxtagjöld af langtímaskuldum og vaxtagjöld til eigin fyrirtækja færð á eignasjóð. Þá er áætluð sala byggingarrétta að fjárhæð 1.200 m.kr. færð á eignasjóð
- Tekjur eignasjóðs nema samtals 6.952 m.kr. og gjöld að meðtöldum afskriftum 2.739 m.kr. og fjármagnsgjöld 2.091 m.kr.

- Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 420 m.kr. á árinu 2025 en voru áætlaðar 400 m.kr. árið 2024. Umhverfisvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin

Þjónustumiðstöð

- Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 47 m.kr. að frádregnu framlagi stofnana bæjarins vegna vinnu fyrir þær, en sú vinna er seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu. Til reksturs þjónustumiðstöðvar telst einnig rekstur á bílum og tækjum. Þjónustumiðstöð hefur fengið úthlutað fjármagni af búnaðarlið framkvæmdaáætlunar árlega til endurnýjunar bíla og tækja

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Rekstrareiningar í B hluta

Garðahús

- Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 25,7 m.kr. árið 2025 en voru 38 m.kr. árið 2024 sem gerir lækkun um 12 m.kr. Unnið hefur verið að endurskoðun húsaleigu með tilliti til samræmingar miðað við gerð og stærð húsnæðis. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir að verja um 200 m.kr. á ári til kaupa á félagsíbúðum tímabilið 2025-2028, samtals 800 m.kr.

Samveitur

- Jákvæð niðurstaða samveitna er áætluð 167 m.kr. Fjögur stöðugildi sinna störfum fyrir Samveitur. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum vegna vatns- og fráveitumála. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 3.200 m.kr. framkvæmdum vegna veitna á næstu 4 árum

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3

- Garðabær fær leigutekjur frá ríkinu vegna fasteignarinnar Strikið 3 (Ísafold) sem eiga að standa straum af byggingarkostnaði hjúkrunarheimilisins sem bærinn fjármagnaði á sínum tíma. Helstu kostnaðarliðir eru almennur rekstrarkostnaður fasteignarinnar, framlag til Hrafnistu skv. samkomulagi og fjármagnsgjöld

Efnisyfirlit

Helstu atriði

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR




Framkvæmdir

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að verja 4.040 m.kr. til framkvæmda í A sjóði og 1000 m.kr. í B hluta.

Nýframkvæmdir og endurbætur

Áætlað er að verja 1.700 m.kr. í þriðja áfanga Urriðaholtsskóla, íþróttahús og sundlaug. 100 m.kr í stækkun á skólahúsnæði á Álftanesi og 200 m.kr í skólahúsnæði á Sjólandi. 300 m.kr verður varið í að innrétta óráðstafað rými á annarri hæð í Miðgarði. Þá verður 450 m.kr. varið í endurbætur skólahúsnæðis og lóða. Áframhaldand uppbygging samgöngu- og hjólreiðastíga.

Fyrirhugaðar framkvæmdir 2025



Veituverkefni

Áætlað er að verja 800 m.kr. í veituverkefni sveitarfélagsins til þess að bæta skilyrði vatns- og fráveita árið 2025. Unnið verður m.a. að því að leiða fráveitu af Álftanesi í Skerjafjarðarveitur, en skrifað var undir viljayfirlýsingu þess efnis árið 2024. Þá verður einnig unnið að endurbótum á núverandi lagnakerfi.

Velferðarþjónusta

Til velferðarmála er áætlað að verja 45 m.kr. til stofnframlaga leiguíbúða. 15 m.kr. í bætt aðgengi fyrir fatlaða, 200 m.kr. í félagsíbúðir og 60 m.kr. í fjölnota sal sem hýsir starf félagsmiðstöðvar eldri borgara á Álftanesi.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2026-2028

Framkvæmdir í þriggja ára áætlun 2026-2028


Alls er áætlað að framkvæmt verði fyrir 15.300 m.kr. á árunum 2026-2028.

Framkvæmdir verða fjármagnaðar úr rekstri og með lántöku.

Helstu nýframkvæmdir árin 2026-2028 verða á sviði skólamála, á Álftanesi, í Hnoðraholti og í Ásahverfi/Sjálandi. Þá er gert ráð fyrir stækkun Tónlistarskólans.

- Nýframkvæmdir og viðbætur 8.800 m.kr.
- Endurbætur húsnæðis og lóða 1.610 m.kr.
- Samgöngur og umhverfi 1.170 m.kr.
- Búnaður 720 m.kr.
- Samveitur 2.400 m.kr.
- Félagsíbúðir 600 m. kr.
- Byggðasamlög 660 m.kr.

Áætlaðar fjárfestingar 2026-2028





GARÐABÆR
